



## STJÓRN SSH 436. fundur

Mánudaginn 7. nóvember 2016, kl. 11:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir.  
Forföll: Gunnar Einarsson.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

### 1. Byggðaáætlun – yfirferð með fulltrúum Byggðastofnunar /1603002

Á fundinn mættu fulltrúar stjórnar og starfsmenn Byggðastofnunar til yfirferðar yfir vinnu stofnunarinnar við mótun tillögu að 7 ára byggðaáætlun sem taka skal til alls landsins, þ.m.t. höfuðborgarsvæðisins.

Eftirtaldir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið:

Aðasteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, Árni Ragnarsson, Snorri Björn Sigurðsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, starfsmenn Byggðastofnunar og Karl Björnsson, fulltrúi Sambands íslenskra seitarfélaga, í stýrihópi vegna mótunar byggðaáætlunar. Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri, sat einnig fundinn undir þessum dagskrárlið.

Árni Ragnarsson gerði grein fyrir yfirstandandi vinnu Byggðastofnunar við mótun tillögu að byggðaáætlun.

Umræður

### 2. Kjarasamningar grunnskólakennara /1504009

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarafélaga, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Rætt var um stöðu og horfur vegna yfirstandandi viðræðna við félag grunnskólakennara um nýjan kjarasamning

### 3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – nýr samstarfssamningur /1501005

Eva Einarsdóttir, formaður samstarfsnefndar um rekstur skíðasvæðanna og Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá fullbúinn nýr samningur um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, með gildistíma 2017 – 2021.

Viðstaddir stjórnarmenn undirrituðu samninginn f.h. viðkomandi aðildarsveitarfélaga.



#### 4. Borgarlínan /1610002

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson, verkefnisstjóri Borgarlínu, sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

- a) Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um undirbúning og innleiðingu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu.
- b) Kostnaðaraáætlun vegna vinnu við 1. áfanga við mótnun verkefnisins, fram til maíloka 2017.

Samþykkt að senda ofangreint til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum, Stefnt að því að niðurstaða geti legið fyrir á aðalfundi SSH 2. desember nk.

- c) Greinargerð Jóhannesar Karls Sveinssonar, lögmanns, vegna fyrirbyggjandi draga að samkomulagi milli Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. annars vegar og SSH og aðildarsveitarfélaga SSH hins vegar, sbr. bókun stjórnar frá 431. stjórnarfundi þann 1. júlí. sl.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir viðbótarskýringum inn í fylgibréf JKS með greinargerðinni og senda hana síðan til aðildarsveitarfélaganna.

#### 5. Átak í viðhaldi gatnakerfisins /1603001

Málið var áður á dagskrá stjórnarfundar 2. maí og 1. júlí sl.

Fyrir lágu endurskoðuð drög að samkomulagi milli Vegagerðarinnar og aðildarsveitarfélaganna vegna málsins.

Stjórnarformaður upplýsti að Reykjavíkurbog muni undirrita þetta samkomulag og að öðrum aðildarsveitarfélögum standi til boða að að ganga inn í það.

#### 6. Aðalfundur SSH 2016 /1610004

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

- a) Fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2017
- b) Drög að dagskrá aðalfundar SSH 2. desember n.k.

Eftirfarandi var samþykkt:

- a) Samþykkt að leggja til við aðildarsveitarfélögin að árgjald til SSH verði 45 kr. pr. íbúa á árinu 2017.
- b) Samþykkt að þema aðalfundar SSH 2016 verði Borgarlína og innleiðing hennar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að móta endanlega dagskrá aðalfundarins í samræmi við ofangreint.

#### 7. Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2017 /1510002

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisskipulagsnefndar að fjárhagsáætlun 2017.

Samþykkt að senda tillöguna til aðildarsveitarfélaganna v. fjárhagsáætlana þeirra fyrir árið 2017.

#### 8. Málefni hælisleitenda, flóttafólks og innflytjenda /1510001

Á fundinn mættu Kristín Völundardóttir frá Útlendingastofnun, Íris Björg Kristjánsdóttir frá innanríkisráðuneytinu og Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir og Linda Rós Alfreðsdóttir frá velferðarráðuneytinu.

Rætt var um málefni ofangreindra hópa, stöðu og horfur í ljósi vaxandi innstreymis og þau úrræði sem ríki og sveitarfélög hafa til að bregðast við þróun máls.